


# HAUSTSYNING '77

## FÍM með hálf skip...



Kjarvalshús á Klambartúni.

Um síðustu helgi var opnuð að Kjarvalsstöðum haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna, HAUSTSYNINGIN '77 en þessi sýning veur ávallt þó nokkra athygli og eftirvæntingu.

### Að velja og hafna

Það er margt sem veldur því að eftirvænting ríkir, eða öllu heldur gerði það. Ýmsir þekktir og dádír listamenn senda þangað verk og ný andlit koma fram, því sýningin er líka fyrir utanfélagsmenn, sem eiga þess kost að senda þangað verk sín, en sýningarnefndin velur svo og hafnar, — hafnar þó aðallega skilst manni, því aragrúi listaverka berst oft til slíkra sýninga. Einkum frá ýmsu fólki út í bæ, því að fá verk sín sýnd þarna þykir nokkur upphefð, ef hún þá á annað borð er til í þessari gerð mannlegrar atvinnu.

Verk félagsmanna í FÍM munu þó öllu jöfnu ná með myndir inn á sýninguna, sjálfkrafa.

Því er ekki að leyna, að haustsýningu FÍM hefur hnignað á síðustu árum. Ber þar margt til. Einkum það, að margir af áhugaverðustu málurum þjóðarinnar senda ekki lengur þangað myndir, heldur hafa sítt eigið haust í Norræna húsinu, og aðrir hlíðra sér hjá því að sýna nokkurn skapaðan hlut í félagsins nafni. Þetta er því eins og þegar það vantar beztu mennina í landsliðið í fótbolta, — maður missir svo að segja alla von — og áhugann í samræmi við það.

Ef svo heldur áfram, sem horfir, mun þessi sýning missa öll sín gildi, og þá er betra að hætta.

### Of marga vantar á haustsýninguna

Undirritaður veit ekki hvort til er sérstök stefnuskrá fyrir þessa sýningu og fyrir félagsmenn, en það hlýtur þó að vera krafa almennings, að félagið sjálft beiti afli sínu til þess að sem flestir séu með á þessum samsýningum á haustin. Nóg er húsrýmið núna, því aðeins var notaður annar salurinn af tveim að Kjarvalsstöðum.

Sjónarmið almennings verður ef til vill skýrara, ef nefnd eru af handahófi nokkur nöfn listamanna, sem ekki eiga þarna verk, en hljóta þó að vera meðal burðarása íslenskar myndlistar.

Svavar Guðnason  
Þorvaldur Skúlason

Kristján Davíðsson  
Valtýr Pétursson  
Karl Kvaran  
Bragi Asgeirsson  
Jóhannes Jóhannesson  
Sverrir Haraldsson  
Hjörleifur Sigurðsson  
Jóhann Briem  
Steinþór Sigurðsson  
Sigurjón Ólafsson  
Asmundur Sveinsson.

Þessi nöfn eru tekin af handahófi, en sýna það eigi að síður að þarna vanta beinfiskinn sjálfan.

Margir efnilegir ungir menn eru heldur ekki með, en ég sleppi nöfnum að þessu sinni.

Nú má enginn taka þessar aðfinnslur svo bókstaflega að almenningur eigi kröfu á að allir séu alltaf með myndir á haustsýningu FÍM, því misjafnlega getur staðið á, einkum hjá hinum eldri, en hér vantar of marga góða menn, til þess að við svo búið megi standa.

Sýningarnefnd FÍM mun hafa búið við meiri aðsókn listamanna, en raun varð á. Félagið hafði tryggt sér báða salina — alla Kjarvalsstaði fyrir sýninguna, en svo fór, að þeir fylltu aðeins annan salinn, lögðu í hann með hálf skip.

### 40 manns með 124 listaverk

Ekki hafa verið veittar tölu- legar upplýsingar um það

hversu mörg verk bárust sýningarnefndinni, en á sýningunni eru 124 verk eftir rúmlega 40 listamenn. Þetta eru menn á öllum aldri. Þeir yngstu innan við títugt, þeir elztu um sjötugt.

Í aðalatriðum mun venjan vera sú, að utanfélagsmenn senda inn fimm verk til sýningarnefndarinnar. Hún leggur síðan mat á þessi listaverk, tekur þau með eða hafnar þeim.

Ekki geta allir felið sig við þessi skilyrði. Menn vilja ráða myndafjöldanum sem þeir senda, en að sjálfsgöðu setur félagið reglurnar.

Erlendis er víða hafður annar háttur á, t.d. veit ég, að hjá myndlistarfélaginu í München er sérstakur salur hafður fyrir þau verk, sem hafnað hefur verið á sjálfa sýninguna. Hann gengur undir nafninu „Horror room“ og verkur oft sérlega kátinu. Þykir ómissandi.

Þeim sem þessar línur ritar er kunnugt um fáeina málara (utanfélagsmenn) sem sendu verk sín til sýningarnefndar að þessu sinni, en hlutu ekki náð fyrir augum nefndarinnar. Sumir þessir menn hafa þó verið liðtækir í myndlist fram til þessa, svo það er freistandi að álíta, að nefndin hafi verið óvenju handköld að þessu sinni, þótt ekki verði hún hér sökuð um „annarleg sjónarmið“ eins og Þorbergur Þórðarson myndi líklega hafa orðað það.

### Guðmundur Benediktsson heiðursgestur

Þá er aðeins ótalið, að sýningarnefnd hefur viðhaldið þeim sið að hafa sérstakan heiðursgest á sýningunni og er það Guðmundur Benediktsson, myndhöggvari, og er það vel til fundið.

Sér í lagi af því að það er myndhöggvari sem fyrir valinu verður. Margar höggmyndir saman, eftir sama mann, eru skemmtilegri á sýningum en ein og ein mynd.

Í sýningarskrá segir Hjörleifur Sigurðsson, listmálari, formaður FÍM á þessa leið um Guðmund:

„Guðmundur Benediktsson myndhöggvari er sérstakur gestur Haustsýningar 1977. Hann hefur verið einn hinna ötulustu og fornfúsustu félagsmanna okkar frá því er hann gekk í FÍM fyrir réttum tuttugu árum. Guðmundur fæddist í Reykjavík árið 1920 en það var ekki fyrr en um þrítugt að hann tók að afla sér ögunar og leiðsagnar í höggmyndalistinni. Hann gerðist þá nemandi Asmundar Sveinssonar í Myndlistarskólanum, sem í dag er orðin næsta gróin stofnun á Skólavörðuholti og fékk hjá honum drjúgt nesti til hins langa og torsóttar vegar, sem starfshlaup myndlistarmanns á Íslandi

spannar. Aður hafði Guðmundur þó traustan grunn til að byggja á. Hann var hinn leikni handverksmaður. Árum saman fékkst hann við smíðar ásamt föður sínum og bróður og hann- aði húsgögn, sem sózt var eftir á reykviskum markaði. Hér verður traudla sagt í smáatriðum frá sýningum Guðmundar á tuttugu og sjö árum eða öðrum listviðburðum á æviferli hans. Samt má geta þess, að hann hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum Félags íslenskra myndlistarmanna hér á landi, norrænum sýningum bæði heima og um hin Norðurlöndin, sýningum í Rostock í Þýska Alþýðulyðveldinu, Hannover í Þýskalandi á vegum Norræna myndlistarbandalagsins og í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Aftur á móti hefur Guðmundur efnt til aðeins einnar einkasýningar á myndum sínum enda er maðurinn hlédrægur og frábittinn því að halda nafni sínu á loft. Hér á Haustsýningu sjáum við tíu listaverk Guðmundar Benediktssonar frá tveim síðustu starfsárum. Þau eru öll kveikt úr eir, sem er eftirlætishráefni höfundarins um þessar mundir. En slíkt og tréverkið og járníð frá fyrri árum vitna þau um sterklega stofna og margþætta speglun laufsins í ytra borðinu.”

Það er auðvelt að vera formanninum sammála í öllum atriðum.

### Einstök verk

En víkjum nú ögn að myndunum sjálfum.

Agúst F. Petersen sýnir þrjár mannmyndir. Þetta eru dæmigerðar myndir fyrir þennan ágæta og grandvara listamann. Myndirnar eru af ákveðnu fólki, en eru samt málverk áfram og hafa þannig tvíþætt gildi.

Arthúr Ólafsson (1940) sýnir fjórar myndir. Ég minnst þess ekki að hafa séð myndir hans áður. Þar kveður við nýjan tón. Þetta eru vel gerðar myndir og lausar við allan viðvaningsbrag. Gaman væri að sjá fleiri myndir eftir hann.

Asgerður Búadóttir sýnir þrjár ofnar myndir, sem eru hver annarri betri og þær setja mikinn svip á þessa sýningu. Baldur Edwins vekur ávallt dælitla athygli. Hann fer eigin götur. Dúfur hans eru góðir fuglar.

Björg Þorsteinsdóttir sýnir fjórar myndir, acríl og klipp. Þetta eru ekki sannfærandi myndir og persónulegar fyrir hana, því það er ekki nóg að skipta um aðferðir, það verður líka að finna nýja leið.

Samt er það lofsvert að reyna eitthvað nýtt.

Bragi Hannesson er með þrjár vel gerðar litlar olíu- myndir.

Einar Hákonarson sýnir skemmtilega mynd af Birni Th.



Guðmundur Benediktsson, myndhöggvari, heiðursgestur haustsýningarinnar.



## Fólk í listum

Björnssyni. Frumlega og vel gerða, og svo aðra venjulega.

Einar Þorláksson er með þrjár myndir og virðist manni „Milljónagatan mjóa“ vera þeirra best.

Tvær myndir Guðbergs Auðunssonar þóttu mér athyglisverðar og vel málaðar.

Guðmundur Björgvinsson (1954) hefur tekið miklum og stórstígum framförum frá sýningu sem hann hélt fyrir einu ári eða tveim. Hann hefur náð valdi á nýjum tóni og mildum í pastel og verður fróðlegt að fylgjast með famvindunni hjá honum.

Hafsteinn Austmann er með fimm myndir og hann hefur ekkert haggast á línunni, heldur þroskar myndverkið inn á við. Vatnslitir hans þykja mér góðir.

Hringur Jóhannesson kemur ef til vill mest á óvart á sýningunni af hinum þekktari mönnum. Litur hans er nú allt í einu fyllri, og það er ljóst að hann hefur nú náð nýjum áfanga á sinni leið. Þetta eru mun betri myndir en ég hef áður séð, — svona í það heila tekið.

Hörður Agústson sýnir sex smámyndir, sem njóta sín vel saman. Hann er maður tilrauna og því ávallt áhugaverður.

Jón Reykdal (1945) er með fimm sérlega vel unnar dúkristur í lit. Hann sker hvern lit fyrir sig og prentar. Tilsýndar minna þessar myndir á sáldþrykk, sem er hin hefðbundna aðferð, en þrykkið í pappirinn gefur þó „núansa“ sem ekki eru í sáldþrykkinu, og gefa því aðferðinni sérstætt gildi.

Ragnheiður Jónsdóttir Ream sýnir tvö málverk frá því í fyrra. Hún stendur ávallt fyrir sínu.

Myndir Sigríðar Björnsdóttur eru þær bestu sem undirritaður hefur séð eftir hana um langt skeið.

Ómar Skúlason sýnir þrjár myndir. Hann er að breyta til, en ekki lýst manni nú á litina. Þeir klæða ekki formið a.m.k. þá þarf að samþæfa betur.

Sveinn Björnsson er hrikalega grófur málari í venjulegum skilningi þess orð. Samt eru myndir hans ávalt hressilegar, kröftugar og ekkert tæpitungumál.

Þórður Hall sýnir fjögur sáldþrykk. Þetta eru vandaðar myndir, sem sóma sér hvar sem er.

Að lokum skal svo minnst á Örlyg Sigurðsson sem á þarna þrjár myndir. Ljómandi fjörlega unnar og spontant.

Besta myndin er af konu: „Þegar konurnar kólna í Frans“. Í henni birtist átakanleg samúð og tregi.

A skáldabekk er líka ágæt mynd og dæmigerð fyrir listamanninn og spaugarann Örlyg Sigurðsson.

Þetta voru nú málverkin vefnaðurinn og grafikin.

Af skiljanlegum ástæðum er ekki unnt að fjalla um allar myndirnar hér, heldur er aðeins stiklað á stóru.

Skal nú vikið ögn að öðru.

### Gler og skúlptúr

Leifur Breiðfjörðer með tvær glermýndir. „Gjörgæslu“ og „Heilapvott“. Glermyndir Leifs eru léttari en áður, og hann notar ekki grafíska tóna eins og áður. Það er einkenni, að nöfnin á myndunum virðast ekki vera í miklu samræmi við myndirnar sjálfar. Kompositionin er sterkari en áður var í myndum Leifs að voru mati og hann er á framfæri.

Þó hygg ég að hann eigi að varast of einfaldar myndir.

Ragnar Kjartansson sýnir tvær myndir. „Blómin í ánni“ sem líklega flokkast undir skreytilist, og litla yndislega mynd, sem ber nafnið „Hestar“. Sú mynd er í raun og veru litlú ljóð, sem segir svo margt.

Gestur Þorgrímsson sýnir tvær litlar ágæt myndir og Sigrún Guðjónsdóttir er með sérlega laglegar myndir úr brenndum leir. Þetta er aðferð í myndgerð, sem of litill gaumur er gefinn hér á landi að voru mati.

Helgi Gíslason (1947) er með sérlega sterkar myndir, steiptar, og af þeim tveim þykir mér Venus frá Korpúlfsstöðum, einkar lífleg.

Hallsteinn Sigurðsson sýnir þrjár myndir að þessu sinni, vandaðar, sem eðli hans er, en ef til vill þyrfti hann taka upp frjálsara spil.

Þá skal að lokum vikið að heiðursgestinum Guðmundi Benediktssyni, sem þarna sýnir 10 skúlptúra, — einrar ættar. Þetta eru eins og áður kom fram, myndir sem kveiktar eru í eir.

Þær eru allar frá þessu og síðasta ári.

Myndir Guðmundar Benediktssonar bera vitni um óvenjulegan hagleik í smíði, djúpa hugsun og auga fyrir formum og línu. Það sem helzt virðist mega finna að er að myndirnar eru ekki jafnar frá öllum sjónhornum. Þær hafa framhlíð og bakhlíð í stað þess að æskilegast verður að teljast að myndirnar njóti sín vel frá öllum hliðum. Þær skerast í fleti, flestar aðrar eru symmetrískar og þær síðarnefndu eru fullkomnari að því leyti til.

Það er auðvitað ljóst, að holdlegar línur skapast ekki svo auðveldlega með því að lóða saman slétt snið úr eirplötum (oftast) aðferðin setur viss og eðlileg takmörk í sjálfu sér, en okkur er það ljóst, að Guðmundur Benediktsson er mikilhæfur myndlistarmaður, og hann hefur nú stigið eitt skrefið til viðbótar fram.

Myndir hans gefa sýningunni auknið gildi og kjölfestu í hið hálfhlaða, eða hálfhála skip FÍM.

### Um hvað snýst gagnrýni?

Öllu fleiri verða þessi orð ekki. Þó er rétt að minna á, að fyrir einu ári eða tveim, var einnig fjallað dálítið listpólitískt um Haustsýninguna.

EKKI um myndirnar, heldur um sýninguna sem stofnun, eða veruleika í menningu okkar og þjóðlífi.

A hinn bóginn má með fullum rétti segja sem svo, að gagnrýnandi eigi einkum að tjá sig um þau verk sem til sýnis eru, í stað þess að eyða rúmi og tíma í að tiunda það, sem ekki er sýnt.

Ég vil þó undirstrika það, að þetta tvennt hlýtur ávallt að fara saman. Hið síðferðilega ábyrgð — ef hún er þá til — hjá gagnrýnanda hlýtur að þessu leyti einnig að eiga við um nafnalistann. Alveg eins og t.d. í leiklist eða óperuflutningi, að það skiptir máli hver jir veljast í hin einstöku hlutverk. Við verðum að vernda Haustsýninguna sem stofnun, það er sameiginlegt markmið gagnrýnenda og listamanna.

Jónas Guðmundsson.

## Kvennadeild Skagfirðingafélagsins

Kvennadeild Skagfirðingafélagsins í Reykjavík er um þessar mundir að hefja vetrarstarfið, og byrjar með því að hafa hlutaveltu og flóamarkað í félagsheimili Skagfirðingafélaganna að Síðumúla 35, næstkomandi sunnudag kl. 2 sd.

Þar verður ýmislegt gott til fanga og vænta félagskonur góðs árangurs af þessari fjárfloðun. A liðnum vetrum hafa félagskonur komið saman og unnið ýmsa fallega handavinnu og mun það starf hefjast bráðlega. Kvennadeildin hefur haft á stefnuskrá sinni að leggja ýmsum góðum málum lið, bæði heima í héraði og hér syðra.

## Tollstjórinn í Reykjavík tilkynnir

Gjaldendur geta greitt gjöld sín í bönkum og sparisjóðum á giróreikning embættisins nr. 88500 eða með ávisun í póstkassa embættisins í anddyri Tollhússins, Tryggvagötu 19.

Upplýsingar um starfsemi embættisins meðan á verkfalli BSRB stendur verða veittar sem hér segir:

Tollstjóraskrifstofan sími 1-85-04.  
Tollgæzlan símar 2-41-27 og 1-29-69  
Telexnr. embættisins er 2128 Custom Is.

Tollstjórinn í Reykjavík.



# Lady sófasettið




Vegna hagstæðra innkaupa og aukinnar hagræðingar í framleiðslu, getum við nú boðið þessi vinsælu sófasett og sófaborð á neðangreindu verði:

Sófasett með dralon áklæði kr. 225.000  
Skammel með dralonáklæði kr. 28.000  
Sófaborð 70x140 cm frá kr. 55.000  
Hornborð 70x70 frá kr. 40.000  
Getum boðið úrval af öðrum áklæðum. Hringið eða skrifið eftir áklæðaprufum.

Eigum einnig fjölmargar gerðir af sófaborðum úr mismunandi viðartegundum og með ýmsum gerðum af plötum, svo sem: Eir, marmara, keramik o.fl. o.fl.



Fæst einnig sem hornsófi á tilsvarandi verði.



**HÚSCÖGN**

SÍÐUMÚLA 30 · SÍMI: 86822

